

Skólaráðsfundur 12. mars 2024

Dagskrá

1. Guðlaug fór yfir niðurstöður skólaþings, vinnunnar sem búin er og sem er framundan. Umbótaáætlunin er unnin í Bravolesson. Í lok þingsins átti hvert borð að skrifa einn umbótaþátt sem þeir vildu byrja á að vinna með. Áhersluþættirnir sem settir voru inn í umbótaáætlunina eru a) skólamaturinn (auka gæði, fá fleiri til þess að borða í hádeginu, minnka matarsóun, að hver bekkur fái að velja einu sinni hvað er í matinn, bjóða upp á morgunmat). b) Nám og stuðningur (auka hvatningu og stuðning til nemenda, fjölga stuðningsfulltrúum, nýta betur þá aðstoð sem stendur nemendum til boða nú þegar, útbúa áhugasviðshjól, fjölga nemendum sem nýta heimanámstíma, opna stundatöflur í 7.-10. bekk þar sem áhersla verði á samstarf hópa en ekki árganga, nýta Leiðsagnarnámið vel í kennslustundum. c) Samskipti og virðing en virðing var sá þáttur sem skoraði hæst hjá þátttakendum skólaþings (opin og góð samskipti milli allra aðila, veitum athygli sem vel er gert og styrkjum þannig jákvæða hegðun, foreldrar og forráðamenn hvattir til þess að heimsækja skólann í marsmánuði, draga úr ljótu orðbragði í marsmánuði, auka fræðslu um fjölbreytileika s.s. einhverfu, rifja upp verkfæri UTÁ). d) Tómsundur nemenda (sá þáttur síst í okkar höndum en það þarf að fjölga nemendum sem stunda íþróttir og aðrar tómsundur eiga samtal við nemendur um hvaða íþróttir þeir vilja stunda og koma þeim upplýsingum áleiðis til íþróttafélaga, fá ungmennaráð Fjarðabyggðar til að eiga samtal við bæjaryfirvöld um hvernig megi auka tækifæri nemenda til að stunda íþróttir og tómsundur þvert á bæjarkjarna).
2. Umræða um skóladagatal 2024-2025. Rætt um fyrirkomulag á annarlokum, þ.e. kosti og galla nemendastýrðra viðtala.
3. Önnur mál
 - a. Á síðasta fundi ræddum við vöntun á starfsöryggi stjórnenda þar sem vinnuhópur var ekki búinn að skila niðurstöðum. Nú hefur starfshópur skilað sínum tillögum en Kennarasamband Íslands sendi erindi til Mennta- og barnamálaráðuneytis þar sem talið er að framkvæmdin brjóti í bága við bæði grunnskólalög og kjarasamninga. Fjarðabyggð hefur tíma fram til 22. mars að svara ráðuneytinu og skýra frá afstöðu sveitarfélagsins til erindisins.
 - b. Starfsþróunarsamtöl eru að fara af stað og verða kláruð í vikunni eftir páska.